

## GJALDSKRÁ

### fyrir gatnagerðargjald á Flúðum í Hrunamannahreppi.

#### 1. gr.

##### *Almenn heimild.*

Af öllum lóðum og nýbyggingum, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum í þéttbýlinu á Flúðum í Hrunamannahreppi skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda stofngjald vatnsveitu skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, stofngjald fráveitu skv. lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og byggingarleyfisgjald skv. lögum um mannvirki nr. 160/210. Gjöld vegna þessa fara eftir viðkomandi gjaldskrá.

#### 2. gr.

##### *Ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í þéttbýlinu á Flúðum. Skal nota það til greiðslu kostnaðar við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum, þ.m.t. vegna götulýsingar, lagningar bundins slitlags og gangstétta, gerð umferðareyja, gangstíga og opinna svæða. Innifalið í gatnagerðargjaldi er ein mæling fyrir staðsetningu og hæðarsetningu byggingar og staðsetningu lóðarmarka.

Tengigjöld eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

#### 3. gr.

##### *Gjaldstofn gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækkunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- a. Við úthlutun eða sölu lóðar, eða byggingarréttar á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- b. Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, t.d. ef land er í einkaeign, eða ef byggingarleyfi er veitt fyrir stærrri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingarleyfis lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingarleyfi tekur til.

#### 4. gr.

##### *Útreikningur gatnagerðargjalds.*

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Húsgerð	%	kr/m <sup>2</sup> **	Lágmarksgjald kr.**	Hámarksgjald kr.**
Einbýlishús með eða án bílgeymslu	8,5	15.752	2.100.000	3.800.000
Parhús með eða án bílgeymslu	7,5	13.899	1.800.000	3.300.000 á íbúð
Raðhús með eða án bílgeymslu	7,0	12.972	1.500.000	3.300.000 á íbúð
Fjölbýlishús með eða án bílgeymslu	4,0	7.413	1.200.000	3.300.000 á íbúð
Húsn. f. verslun, þjónustu og annað	3,5	6.486	2.500.000	6.600.000
Iðnaðarhúsnæði	3,0	5.560	2.500.000	6.600.000
Hesthús	2,0	3.706	1.000.000	2.700.000
Gróðurhús og fleira tengt landbúnaði	1,0	1.853	3.000.000	6.600.000

\* Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 659,3 stig í júlí 2017.

\*\* Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 659,3 stig í júlí 2017. Lágmark skal þó aldrei vera hærra en skv. 4. gr. laga nr. 153/2006.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (205.655 kr./m<sup>2</sup>, byggingarvísitala 659,3 stig fyrir júlí 2017).

## 5. gr.

*Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds.*

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- a. Lagnakjallarar og aðrir gluggalausir kjallarar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- b. Stækkun á eldra íbúðarhúsnæði, 15 ára og eldra, allt að 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Af stækkun umfram 30 fermetra greiðist fullt gatnagerðargjald eftir viðkomandi flokki.
- c. Óeinangruð smáhýsi, minni en 6 fermetrar, fyrir stærri hús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir hesthús.
- d. Sameiginlegar bifreiðageymslur fyrir þrjár eða fleiri bifreiðir.
- e. Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald við sérstakar aðstæður, sbr. 6. gr. laga um gatnagerðargjald, nr. 153/2006.

## 6. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

Gjalddagar gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

- a. Við lóðauðhlutun, sölu lóðar eða byggingarréttar skv. a-lið 3. gr. eða við útgáfu byggingarleyfis skv. b-lið sömu greinar skal greiða kr. 1.000.000.
- b. Við útgáfu foheldisvottorðs greiðist gatnagerðargjald að fullu.
- c. Við útgáfu byggingarleyfis vegna framkvæmda sem falla undir 5. gr., en eru ekki undanþegnar gatnagerðargjaldi, skal gatnagerðargjald greitt við útgáfu byggingarleyfis.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Af gjaldföllnu gatnagerðargjaldi skulu greiðast dráttarvextir, skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga.

## 7. gr.

*Afturköllun lóðarúthlutunar og heimild til afturköllunar byggingarleyfis, ef gatnagerðargjald er ekki greitt.*

Nú greiðir lóðarhafi ekki gatnagerðargjald á tilskildum tíma og er sveitarstjórn þá heimilt að afturkalla byggingarleyfið og/eða lóðarúthlutun og skal kveðið svo á í úthlutunar- eða byggingarskilmálum.

Hafi teikningar af fyrirhuguðu húsi ekki borist byggingarnefnd til samþykktar innan 6 mánaða frá úthlutun lóðar, fellur lóðarúthlutunin úr gildi og endurgreiðist þá gatnagerðargjald samkvæmt 6. gr. a-lið.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, þ.e. lóð fellur aftur til sveitarsjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu byggingarleyfis, nema leyfið hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingarfrest.

## 8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.*

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 9. gr.

*Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum:

- a. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð.
- b. Ef gatnagerðargjald hefur verið greitt í tengslum við útgáfu byggingarleyfis, en leyfið fellur úr gildi.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt innan 90 daga ef lóð er afturkölluð skv. a-lið, sama gildir um gatnagerðargjald sem lagt hefur verið á í tengslum við útgáfu byggingarleyfis sbr. b-lið, en þá skal gatnagerðargjald endurgreitt innan 90 daga frá því að byggingarleyfishafi hefur sannanlega krafist endurgreiðslu.

Við framkvæmd ákvæða þessarar greinar skal stuðst við 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

## 10. gr.

*Áfangaskipting framkvæmda.*

Í þeim tilvikum að lóðarhafi eða lóðareigandi ætlar að byggja í áföngum, getur sveitarstjórn heimilað áfangaskiptingu gatnagerðargjalds og skal þá gatnagerðargjald hverju sinni vera skv. gjaldskrá sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga í samræmi við samþykkt áfangaskiptingu eða samþykki sveitarstjórnar.

## 11. gr.

*Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjald.*

Um samninga um gatnagerðargjald af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Hrunamannahrepp fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjald, sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Hrunamannahreppi (Flúðum) frá 8. febrúar 2000 og síðan gjaldskrá um gatnagerðargjald nr. 721/2007 og 924/2013 með síðari breytingum.

## 12. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. júlí. 2017, skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald.

Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald á Flúðum í Hrunamannahreppi nr. 924/2013.

Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps, 3. júlí 2017.

*Hrunamannahreppi, 3. júlí 2017.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.